

Sp.

309. Fyrirspurn

[148. mál]

til heilbrigðisráðherra um hollustuhætti í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum.

Frá Benedikt Gröndal.

- 1) Hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á hollustuháttum í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, svo sem hættum starfsliðs af hávaða, rykmyndun og varhuga-verðum efnasamböndum, almennum óþrifnaði og ólykt?
- 2) Hefur heilbrigðisráðuneytið sett reglur um mengunarmörk og önnur skilyrði, sem þessar verksmiðjur verði að uppfylla til að fá starfsleyfi?
- 3) Hafa allar þær verksmiðjur, sem starfað hafa síðustu ár og nú starfa, m. a. að loðnubræðslu, uppfyllt þau skilyrði og fengið starfsleyfi með eðlilegum hætti?